

fógeta, ásamt meðdómsmönnum Jóni Þorsteinssyni byggingameistara og Sveini S. Einarssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Árni S. Böðvarsson og Jón Sveinbjörnsson, greiði stefnanda, Ingólfi Pálmasyri, kr. 792,75 með 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1957 til greiðsludags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. maí 1959.

Nr. 194/1958. **Jóhanna Waage** (Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1958. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 257.080,00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu stefnda er viðurkennd óskoruð fébótaábyrgð vegna slyss þess, er í málinu greinir. Hann hreyfir og engum andmælum gegn 1.—4. kröfulið áfrýjanda í héraði, og verða þeir því teknir til greina.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur áætlað áhrif kaupbreytinga, sem orðið hafa að undanfögnu, á niðurstöðu áætlunar hans frá 19. nóvember f. á. Lækkar niðurstaðan úr kr. 69.390,00 í kr.

68.855,00. Einnig hefur tryggingafræðingurinn áætlað hækku-
un niðurstöðunnar, ef áfrýjanda eru auk tekna af vinnu
utan heimilis ætlaðar tekjur sem húsmóður vegna vinnu á
eigin heimili. Ef vinnutekjutap er miðað við vinnutekjur
utan heimilis að viðbættu fæði og húsnæði samkvæmt skatt-
mati, reiknast tryggingafræðingnum til, að verðmætið hækki
í kr. 96.971,00. Sé áfrýjanda auk þess reiknað lágt ráðskonu-
kaup, áætlað hann, að verðmætið hækki í kr. 122.231,00.

Fyrir Hæstarétti hefur og verið leitt í ljós, að áfrýjandi
hafði um tveggja ára skeið, áður en slysið varð, unnið störf
á Keflavíkurflugvelli og fengið fyrir kr. 3.000,00 á mánuði.
Var sú vinnuráðning ekki tímabundin. Að öllu athuguðu
þykir atvinnutjón áfrýjanda því hæfilega metið kr. 100.000,00.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um 6. kröfulið.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmt að
greiða áfrýjanda kr. 2.080,00 + kr. 100.000,00 + kr. 30.000,00
= kr. 132.080,00 að frádregnum þegar greiddum kr.
15.000,00, þ. e. kr. 117.080,00, ásamt vöxtum eins og kraf-
izt er.

Þá verður og stefnda dæmt að greiða áfrýjanda máls-
kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000,00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýj-
anda, Jóhönnu Waage, kr. 117,080,00 með 6% ársvöxt-
um frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og kr. 18.000,00
í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. desember 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. f. m., hefur Jóhanna
Waage, Þórustíg 22, Ytri-Njarðvík, höfðað á bæjarþinginu með
stefnu, út gefinni 12. júní 1958, gegn fjármálaráðherra vegna
ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 257.080,00, ásamt
6% ársvöxtum frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og málskostn-
aði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst stórlegrar lækkunar á fjárhæð stefnukröfunnar
og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 19. janúar 1956 ók varnarliðsbifreiðin VL-2677 aftan á bifreiðina R-8338 á Keflavíkurflugvelli með þeim afleiðingum, að miklar skemmdir urðu á síðargreindu bifreiðinni aftanverðri og nokkrir farþegar, sem sátu aftan til í henni, slösuðust. Bifreið þessi er stór farþegaflutningabifreið og var á þessum tíma í reglubundnum áætlunarferðum milli flugvallarins, Keflavíkur og Njarðvíkur á vegum varnarliðsins. Var hún fullskipuð farþegum í umrætt sinn. Í hópi farþega var stefnandi, sem sat lengst til vinstri í aftasta sæti bifreiðarinnar. Kveðst hún við áreksturinn hafa kastast fram í sætinu, en jafnframt hafi fætur hennar skorðast fastir á milli aftasta sætis og næsta sætis fyrir framan, þannig að hún hafi ekki getað hreyft sig. Kveðst stefnandi hafa kvalizt og hljóðað mikið, meðan hún sat þarna föst, og fullri rænu hafi hún haldið, þar til hjálp barst. Kveðst stefnandi halda, að hún hafi verið tekin út um glugga bifreiðarinnar. Var hún sett á sjúkrabörur og farið með hana til sjúkrahúss varnarliðsins á flugvellinum, þar sem meiðsli hennar voru könnuð. Samdægurs var hún svo flutt í Sjúkrahús Keflavíkur, þar sem hún dvaldist í rúma 13 mánuði. Hafði stefnandi við slysið hlotið heilahristing og brot á báðum fótum auk smærri áverka.

Stefnandi telur vafalaust, að ökumaður varnarliðsbifreiðarinnar hafi átt alla sök á árekstrinum, og beinir kröfum sínum um fébætur á hendur ríkissjóði með vísun til laga nr. 110/1951.

Stefndi vefengir ekki, að hann beri óskorað fébótaábyrgð á slysi þessu, en telur, að bótafjárhæðin, sem krafizt er, sé allt of há.

Verður bóta krafan nú tekin til athugunar, en hana sundurliðar stefnandi þannig:

1. Lækniskostnaður	kr.	80,00
2. Örorkumat	—	400,00
3. Útreikningur örorkubóta	—	600,00
4. Fátatjón	—	1.000,00
5. Atvinnutjón	—	150.000,00
6. Þjáningar, lýti og önnur röskun ...	—	120.000,00

Kr. 272.080,00

Frá dregst fjárhæð, sem stefndi

hefur þegar greitt stefnanda — 15.000,00

Kr. 257.080,00

Um 1.—4.

Fjárhæðir þessara kröfuliða sæta ekki andmælum og verða teknar til greina óbreyttar.

Um 5.

Meiðslum stefnanda af völdum umrædds slyss er lýst í vottorði Bjarna Sigurðssonar læknis, dags. 15. marz 1957. Segir í því á þessa leið:

„Meiðsli hennar voru: heilahristingur. Sjúkl. var meðvitundarlaus, þegar hún kom á sjúkrahúsið. Mar, bólga og eymsli á vinstri olnboga og vinstri upphandlegg. Hægri fótleggur var brotinn í miðju. Fótleggurinn var allur mikið bólginn, og voru samkvæmt röntgenmynd báðar pípur brotnar. Vinstri fótleggur var allur stokkbólginn, og voru þar einnig báðar pípur brotnar í miðju, samanber röntgenmynd. Á miðjum leggnum framanverðum var ca. 4 sm langur skurður yfir brotstaðnum, og hafði blætt mikið úr sárinu.

Líðan sjúkl. var slæm fyrstu 3 vikurnar, sem hún lá á sjúkrahúsinu, hafði hita og mikla verki í báðum fótleggjum. Sökum þess, hve brotin greru seint, af því að beinmyndun var svo hægfara, lá sjúkl. í gipsumbúðum þar til 27.9. 1956. Þá fór sjúkl. að hafa fótavist og gekk með 2 hækjur.

Sjúkl. útskrifaðist af sjúkrahúsinu hinn 24. 2. 1957.

Skoðun 24. 2. 1957:

Líðan sjúkl. er góð. Bæði brotin eru orðin föst. Röntgen-kontrolmynd: Góð staða á báðum brotunum, nægilega mikil callus-myndun. Engin stytting. Hreyfanleiki í báðum hné- og öklaliðum eðlilegur. Sjúkl. gengur staflaus og er óhólt. Vinstri fótur bólgnað enn við áreynslu.

Sennilega verður sjúkl. ekki orðin full-vinnufær fyrr en eftir 6 mánuði hér frá.“

Hinn 3. september 1957 var stefnandi skoðuð af Þórarni Sveinsyni lækni, og mat læk'nirinn örorku hennar af völdum slyssins. Í örorkumatinu, sem dags. er 12. s. m., segir svo:

.... „Nú þreytist hún við stöður og göngur og kvartar um óþægindi í vinstri upphandlegg og öxl. Segist vera sémilega góð í höfðinu. Skoðun: Kona í meðalholdum. Hefur eðlilega framkomu. Sjón og heyrn telur hún óbreytta. Ekkert að athuga við höfuð né háls.

Blóðþrýstingurinn mældist 160/85. Hjartahljóð voru hrein og

regluleg. Ekki voru hreyfingarhindranir í upplimum, og kraftar voru eðlilegir. Reflexar sömuleiðis eðlilegir.

Ganglimir: H. fótleggur: Engin stytting á ganglimnum. Um miðjan fótlegginn skagar lítills háttar hnútur fram. Þegar þreif- að er um brotstaðinn, finnst, að þar er um ójöfnu á beininu að ræða. Aftan á kálfanum er ör eftir skurð, er konan segir, að hafi komið af sætisbrúninni við áreksturinn. Ör þetta mældist 8 sm á lengd og er gegnt brotinu þvert yfir kálfann. Lítills hátt- ar sveigja fram á við er þarna á leggpípunum. Hreyfing í hnélið er rúmlega í 90°, og er öklahreyfing eðlileg. Hreyfingin í vöðv- unum hindrast lítilliga að framan um brotstaðinn. Er sýnilega nokkur festa þar við beinið á brotstaðnum. Kraftar eru sæmi- legir, og reflexar voru eðlilegir.

V. fótleggur: Engin stytting. Fótleggurinn er beinni en hægra megin, og missmíða gætir lítið á brotstaðnum. Hreyfingar í liða- mótum hnés og öklaliðar eru eðlilegar. Kraftar eru eðlilegir og reflexar sömuleiðis. Konan gengur óhölt. Smá-örblettur er fram- an á leggnum.

Ályktun: Um er að ræða meiðsli, er urðu í bílslysi. Báðir fótleggir brotnuðu, og konan hlaut heilahristing og mar á vinstri handlegg. Brotið greri í góðri stöðu, en hægt. Bati hefur, eftir að heim kom, farið eftir vonum.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir 13 mán. fyrst eftir slysið	100%	örorka
— 1 — þar á eftir	85%	—
— 1 — — - —	70%	—
— 1 — — - —	55%	—
— 1 — — - —	40%	—
— 1 — — - —	30%	—
— 1 — — - —	25%	—

Úr því 20% örorka um 1 árs bil og 18% varanleg örorka.“

Stefnandi er fædd 19. desember 1918. Hefur hún því verið 37 ára gömul, er hún varð fyrir slysi þessu. Stefnandi er ekkja og hefur á framfæri sínu þrjú börn sín, er öll dvöldust hjá henni og voru á þessum tíma á aldrinum 6, 11 og 13 ára. Ekki er annað fram komið en stefnandi hafi verið heilsuhraust fyrir slysið. Kveðst hún hafa haft á hendi það starf að taka til í íbúðum yfirmanna í varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og kveðst hafa haft kr. 3.000,00 í kaup á mánuði. Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda námu atvinnutekjur henn-

ar næstu tvö árin fyrir slysið þessum fjárhæðum: árið 1954 kr. 17.133,00 og árið 1955 kr. 15.000,00. Bæði þessi ár naut stefnandi mæðralauna og lífeyris með börnunum, um kr. 9.000,00 hvort ár.

Stefnandi hefur fengið K. G. Guðmundsson, cand. act., til að reikna út áætlað atvinnutjón hennar af völdum slyssins. Við útreikning þenna leggur tryggingafræðingurinn til grundvallar vinnutekjur stefnanda árin 1954 og 1955 og gerir ráð fyrir hækkunum í samræmi við breytingar þær, er orðið hafa á kaupgjaldsvísitölu. Enn fremur gerir hann ráð fyrir, að grunnkaup hafi hækkað um 11% vorið 1955. Reiknað á þenna hátt verður verðmæti atvinnutjónsins miðað við framangreinda örorku kr. 66.839,00. Útreikningur þessi er miðaður við slysdag, og er reiknað með 6% ársvöxtum, dánarlíkum íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu frá árunum 1941—50 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Frádráttur vegna opinberra gjalda er ekki gerður, og tekur hinn sérfróði maður það fram, að hann mundi verða mjög lítill í þessu tilviki, þar sem í hlut eigi fremur tekjulítil ekkja með þrjú börn á framfæri.

Vegna kaupbreytinga, sem orðið hafa, eftir að framangreindur útreikningur var gerður, hefur stefnandi fengið K. G. Guðmundsson, cand. act., til að reikna áætlað atvinnutjón hennar út af nýju. Er þessi nýi útreikningur dags. 19. nóvember 1958. Kaupbreytingar þær, sem um er að ræða, eru lögákveðin 5% grunnkaupshækkun frá 1. júní sl. að telja, tveggja stiga hækkun vísitöluuppbótar hinn 1. september sl. og grunnkaupshækkanir samkvæmt samningum. Fyrstgreindar tvær kauphækkanir, kveður hinn sérfróði maður, að hækki niðurstöðutölu fyrra útreiknings í kr. 69.390,00. Um áhrif umsaminna kauphækkana kveðst hann aftur á móti ekki geta fullyrt, þar sem honum hafi ekki unnizt tími til að rannsaka, hvaða grunnkaupshækkanir kunni að hafa verið samið um í þeim starfsgreinum, sem stefnandi hefur stundað.

Jafnframt getur hann þess, að í sumar og haust hafi flestar starfsstéttir samið um grunnkaupshækkanir til viðbótar hinni lögákveðnu. Grunnkaupshækkanir þessar nemi yfirleitt frá 5% til 9½%. Getur hinn sérfróði maður þess að lokum til leiðbeiningar, að fyrir hvert 1%, sem kaup hafi hækkað í starfsgreinum stefnanda frá því í ágúst sl., hafi niðurstaða útreikningsins hækkað um ca. 0,6%. Þannig hefði 5% kauphækkun hækkað niðurstöðuna í kr. 71.458,00. Forsendur þessara síðara útreikn-

ings eru hinar sömu og hins fyrra að öðru leyti en nú hefur verið rakið.

Til rökstuðnings þessum kröfulið vísar stefnandi til framan- greindra útreikninga, en krefst þó mun hærri bóta fyrir at- vinnutjón en þeir gefa efni til. Kveður stefnandi þar einkum tvennt koma til. Í fyrsta lagi séu útreikningarnir eingöngu mið- aðir við tekjur þær, er hún næstu árin fyrir slysið aflaði utan heimilis, en ekkert tillit tekið til heimilisstarfa hennar, sem að sjálfsögðu hafi orðið að ganga fyrir, eins og heimilishögum hennar sé háttað. Í annan stað sé í útreikningunum miðað við vísitölu, sem engar líkur séu fyrir, að fái staðizt stundinni lengur.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum. Telur hann, að eðlilegra hefði verið að miða útreikning á áætli- uðu atvinnutjóni stefnanda við tekjur fleiri ára fyrir slysið en gert er. Þá er því mótmælt sem ósönnuðu, að um fjárhagstjón í sambandi við heimilisstörf stefnanda sé að ræða.

Eftir atvikum þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega metið kr. 60.000,00.

Um 6.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Fram lagðar ljósmyndir af fótum stefnanda sýna, að um nokk- ur lýti er að ræða af völdum slyssins. Með hliðsjón af meiðsl- um stefnanda og öðrum atriðum, er hér koma til álita, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 30.000,00.

Tjón stefnanda nemur þá samkvæmt framanskráðu alls kr. 92.080,00 (kr. 80,00 + kr. 400,00 + kr. 600,00 + kr. 1.000,00 + kr. 60.000,00 + kr. 30.000,00). Frá þeirri fjárhæð dragast kr. 15.000,00, sem stefndi hefur þegar greitt stefnanda upp í tjón hennar. Mismuninn, kr. 77.080,00, verður stefndi dæmdur til að greiða ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8.300,00. Er þar með talinn útlagður kostnaður stefnanda samkvæmt dskj. nr. 15 og 20, alls kr. 150,00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefn- anda, Jóhönnu Waage, kr. 77.080,00 ásamt 6% ársvöxtum

frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og kr. 8.300,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. maí 1959.

Nr. 159/1958. **Oddviti Breiðuvíkurrepps f. h. hreppsins**
(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Olíufélaginu Skeljungu h/f
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Hinrik Jónsson, sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1958. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, en staðfest verði lögtaksgerð hreppstjóra Breiðuvíkurrepps frá 31. júlí 1958, sem um ræðir í máli þessu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Samkvæmt samningi, dags. 27. júní og 1. júlí 1951, sem h/f Shell á Íslandi gerði við Ingólf Guðmundsson, bónda á Litla-Kambi í Breiðuvíkurreppi, skal sala á benzíni og bifreiðaolíu frá h/f Shell fara fram á Litla-Kambi. H/f Shell skal leggja til endurgjaldslaust neðanjarðargeymi fyrir benzin og benzindælu og annast viðhald á hvoru tveggja á sinn kostnað. Þá skal og h/f Shell flytja vöruna til sölu-staðar Ingólfi að kostnaðarlausu. Ingólfur skal kaupa vöruna komna í geymi og hafa á hendi sölu hennar, og er hon-